

Háskólinn á Hólum í Hjaltadal
Hólum í Hjaltadal
551 Sauðárkrókur

20. nóvember 2025
UOS2501479/A.E.H.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 18. september 2025 – ID 58

Þann 18. september sl. fór fram reglubundið eftirlit í fiskeldisstöð Háskólans á Hólum í Hjaltadal. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Rekstraraðila var bent á að uppfæra og endurskoða áætlanir.

Fimm frávik komu fram er varða:

1. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Losun fosfórs var 8,8 kg/tonn.
2. Lög nr. 61/2013 gr. 19 og gr. 12. Hættulegum efnum og umbúðum sem hafa innihaldið slík efni skal farga. Ávallt skal gæta varúðar við meðferð efnablanda og hluta sem innihalda efi þannig að ekki valdi tjóni á heilsu eða umhverfi.
3. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Einungis var ein sýnataka framkvæmd árið 2024 frá frárennsli.
4. Gr. 4.4. í starfsleyfi. Ársyfirliti vegna ársins 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025. Ársyfirliti var skilað inn 3. október 2025 og er frávikinu því lokað.
5. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Grænu bókhaldi vegna ársins 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025, því var skilað inn 3. október 2025 og er frávikinu því lokað.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 12. desember 2025.

Virðingarfyllst,

Auður Eyberg Helgadóttir

Teymi eftirlits

Freyr Ævarsson

Teymi eftirlits